

## AUGLÝSING

### (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Húnaþing vestra.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Húnaþings vestra með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 557/2009 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstanga-höfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðíár, nú 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008.
- b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður.
- c) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skyld að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

#### **Vesturbyggð, Patreksfjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Patreksfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Breyting á 4. gr.: Úthluta skal aflamarki hlutfallslega miðað við landaðan afla til vinnslu í Vesturbyggð frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.
- b) Breyting á 6. gr.: Fiskiskipum er skyld að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur ... o.s.frv.
- c) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

#### **Vesturbyggð, Brjánslækur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Brjánslækjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Breyting á 6. gr.: Fiskiskipum er skyld að landa innan sveitarfélagsins afla sem nemur ... o.s.frv.
- b) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

#### **Vesturbyggð, Bíldudalur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: Eru skráð í sveitarféluginu 1. júní 2009.
- b) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- c) Byggðakvóta Vesturbyggðar, 34 þorskígildistönn og byggðakvóta Bíldudals 100 þorskígildistönn skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal á tímabilinu 1. mars 2009 til 30. júní 2009.
- d) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

Nr. 797

23. september 2009

**Kaldrananeshreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Kaldrananes-hrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist þannig: ... á tímabilinu 1. september 2008 til 31. mars 2009.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 23. september 2009.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

---

*Hinrik Greipsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2009